# LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA

# Starfsemi á árinu 2008

## EFNAHAGSREIKNINGUR Í ÁRSLOK

Í milljónum króna

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Innlend skuldabréf | 96.085 | 87.009 |
| Sjóðfélagalán | 39.363 | 32.340 |
| Innlend hlutabréf | 3.628 | 56.883 |
| Erlend verðbréf | 87.307 | 84.398 |
| **Verðbréf samtals** | **226.383** | **260.630** |
| Bankainnistæður | 36.050 | 5.958 |
| Eignarhluti í Húsi verslunarinnar | 268 | 281 |
| Rekstrarfjármunir og aðrar eignir | 73 | 46 |
| Skammtímakröfur | 2.010 | 2.454 |
| Varúðarf. v/gjaldm.varnarsamn.[1)] | -15.674 | 0 |
| Skammtímaskuldir | -349 | -300 |
| **Hrein eign sameignardeild** | **242.672** | **262.609** |
| **Hrein eign séreignardeild** | **6.089** | **6.460** |
| **Samtals hrein eign** | **248.761** | **269.069** |

## BREYTINGAR Á HREINNI EIGN

Í milljónum króna

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Iðgjöld | 17.100 | 15.818 |
| Lífeyrir | -5.021 | -4.256 |
| Fjárfestingartekjur | -31.994 | 17.512 |
| Fjárfestingargjöld | -241 | -221 |
| Rekstrarkostnaður | -221 | -203 |
| Aðrar tekjur | 69 | 70 |
| Breyting á hreinni eign á árinu | -20.308 | 28.720 |
| **Hrein eign frá fyrra ári** | **269.069** | **240.349** |
| **Hrein eign til greiðslu lífeyris** | **248.761** | **269.069** |

## KENNITÖLUR

| | 2008 | 2007 |
|---|---|---|
| Ávöxtun | -11,8% | 7,0% |
| Raunávöxtun | -24,1% | 1,1% |
| Hrein raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 2,3% | 10,6% |
| Hrein raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 3,2% | 6,9% |
| Rekstrarkostnaður í % af iðgjöldum | 0,92% | 0,88% |
| Rekstrarkostnaður í % af eignum | 0,06% | 0,05% |
| Lífeyrir í % af iðgjöldum | 29,4% | 27,1% |
| Fjöldi sjóðfélaga | 33.120 | 32.971 |
| Fjöldi lífeyrisþega | 8.662 | 8.103 |
| Stöðugildi | 28,6 | 27,5 |

[1)] Réttarleg óvissa er um endanlega niðurstöðu uppgjörs samninganna.

## ÁRSFUNDUR

Ársfundur sjóðsins verður haldinn mánudaginn 25. maí nk. kl. 17.00 á Grand Hótel. Fundurinn verður nánar auglýstur síðar.

## EIGNIR

Eignir sjóðsins námu 248,8 milljörðum í árslok samanborið við 269,1 milljarð árið áður. Á árinu 2008 greiddu 33.120 sjóðfélagar til sjóðsins og námu iðgjaldagreiðslur alls 17.100 mkr. Þá greiddu 7.234 fyrirtæki til sjóðsins vegna starfsmanna sinna.

**Höfuðstóll**




## LÍFEYRIR OG RÉTTINDI ÓBREYTT

Tryggingafræðileg úttekt sem miðast við árslok 2008 sýnir neikvæða stöðu sjóðsins um 7,2% sem er innan þeirra marka sem lög mæla fyrir um. Réttindi og lífeyrisgreiðslur haldast óbreyttar frá síðustu áramótum. Frá 1997 hafa lífeyrisréttindi sjóðfélaga verið hækkuð um 21,1% umfram verðlagsbreytingar.

## AFKOMA

Ávöxtun á árinu 2008 var neikvæð um 11,8%. Erfiðleikar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum hafa haft neikvæð áhrif á afkomu lífeyrissjóðsins. Fall viðskiptabankanna í október 2008 og óvissa í íslensku efnahagsumhverfi í kjölfarið hefur haft í för með sér niðurfærslu á skuldabréfaeigninni og afskriftir vegna innlendrar hlutabréfaeignar sjóðsins. Eftir sem áður er stærstur hluti eigna lífeyrissjóðsins í traustum verðbréfum sem munu halda verðgildi sínu og bera góða ávöxtun til framtíðar. Sjóðurinn átti ekki óveðtryggð skuldabréf/víxla nokkurra fyrirtækja sem verið hafa í fréttum að undanförnu t.d. Stoða, Landic Property, Nýsis, Milestone, Baugs, Teymis, 365, Kögun, Mosaic Fashions og Atorku. Skuldabréf eftirtaldra útgefenda, í eigu sjóðsins, voru til varúðar færð niður að hluta og/eða öllu leyti; Exista, Fl Group, Samson og Eimskip. Ekki var talin ástæða til að færa varúðarafskriftir vegna skuldabréfa eftirtalinna útgefenda; Skipti (Síminn), Alfesca, Tryggingamiðstöðin, Landsvirkjun, RARIK, Bakkvör, Orkuveita Reykjavíkur, og HB Grandi.

## LÍFEYRISGREIÐSLUR

Á árinu 2008 nutu 8.662 lífeyrisþegar lífeyrisgreiðslna að fjárhæð 5.021 milljónir. Lífeyrisgreiðslurnar árið áður námu 4.256 milljónum og hækkuðu þær því um 18% milli ára. Lífeyrisgreiðslurnar eru verðtryggðar og taka mánaðarlega breytingum vísitölu neysluverðs.

## SÉREIGNARDEILD

Alls áttu 40.670 einstaklingar inneignir í árslok 2008 sem nam 6.089 mkr. Ávöxtun var neikvæð um 11,8%.

**Inneignir í séreignardeild**




## FJÁRFESTINGAR

Á árinu 2008 námu kaup á innlendum skuldabréfum umfram sölu 13.582 mkr. Sala innlendra hlutabréfa umfram kaup nam 5.996 mkr. Sala erlendra verðbréfa umfram kaup nam 13.574 mkr.

**Skipting verðbréfaeignar 2008**




## STJÓRN

Gunnar P. Pálsson, formaður
Helgi Magnússon, varaformaður
Benedikt Kristjánsson
Benedikt Vilhjálmsson
Bogi Þ. Siguroddsson
Hrund Rudolfsdóttir
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir

Forstjóri er Þorgeir Eyjólfsson


LÍFEYRISSJÓÐUR VERZLUNARMANNA
Sími: 580 4000 | Myndsendir: 580 4099 | skrifstofa@live.is | www.live.is


**www.live.is**

**Skrifstofa sjóðsins er opin frá kl. 8.30 – 16.30, Húsi verslunarinnar 5. hæð, 103 Reykjavík**